

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Vinstri grænna í menningar-, íþrótt- og tólmstundaráði

Samþykkt er að fela sviðstjóra menningar- og ferðamálasviðs að gera tillögur að nýjum verklagsreglum um úthlutun styrkja og samstarfssamninga vegna menningarhluta borgarsjóðs. Í nýjum verklagsreglum skal gengið út frá eftirfarandi:

1. Sótt verði um styrki vegna borgarhátíða og aðra styrki úr menningarhluti borgarsjóðs á sama tíma.
2. Faghópur geri tillögur um úthlutanir og samstarfssamninga.
3. Að ákveðið hlutfall styrkja megi vera bundið í samstarfssamningum til tveggja eða þriggja ára.
4. Sérstök áhersla verði á fjárfestingar vegna endurbóta á tónleikahúsnæði og öðru menningarhúsnæði til almenningsnota á næstu tveimur árum í gegnum tímabundinn úrbótasjóð.

Sviðstjóri skal leggja tillögurnar fyrir MÍT eigi síðar en 27. maí 2019.